



## 4. stjórnarfundur LH

Haldinn í Laugardal 9. janúar 2015 og hófst hann kl. 14:00

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, S. Rúnar Bragason aðalstjórn. Helga B. Helgadóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, varastjórn.

Fundurinn var einnig sendur út á Lync og hafa þá fundarmenn kost á að fylgjast með fundinum í gegnum tölvu.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

### Dagskrá:

#### 1. Staða L.M.

Formaður og gjaldkeri voru fyrr um daginn á fundi með stjórn LM og kynntu þeir stöðu Landsmóts ehf fyrir stjórnarmönnum. Fram kom í erindi þeirra að staða LM er heldur verri en búist hafi verið við. Stjórn LM hefur ákveðið að taka lán til að mæta neikvæðri niðurstöðu landsmóts 2014

#### 2. Staða fjármála og aðgerðir

Formaður og gjaldkeri fóru yfir fjárhagsstöðu Landsambands hestamanna almennt. Tekin var ákvörðun um að leitað yrði eftir tilboðum í bókun reikninga ásamt tilboði í endurskoðun reikninga félagsins. Formanni og gjaldkera falið að vinna að málinu.

#### 3. Uppskeruhátíð LH

Vinna vegna uppskeruhátíðar LH hefur gengið vel. Miðasala fór hægt af stað en tók við sér eftir því sem leið á. Búist er við að yfir 300 manns mæti á hátíðina og vill stjórn Landsambands hestamannafélaga þakka valnefndinni fyrir vel unnin störf einnig Óskari Nikulássyni og Magnúsi Benediktssyni ásamt öllum þeim sem hafa komið að undirbúningi hátíðarinnar.

#### 4. Nefndarfundur.

Nefndarfundur verður haldin í dag eftir stjórnarfundinn af frumkvæði Landsambands hestamannafélaga. Þar munu þeir aðilar sem sitja í nefndum Landssambandsins mæta og



kynna fyrir stjórn og öðru nefndarfólki þá vinnu og þau verkefni sem verið er að vinna að. Fundurinn verður sendur út á streymisformi fyrir þá nefndarmenn sem ekki hafa tök á að mæta.

## 5. Markaðsmál.

Formaður fór yfir stöðu mála vegna vinnu markaðsmála hjá atvinnuráðuneytinu.

## 6. Erindi frá hestamannafélaginu Sprett vegna Íslandsmóts.

Fyrir fundinum lá erindi frá Hestamannafélaginu Sprett þar sem félagið rökstyður frekar beiðni sína um að halda Íslandsmót barna og unglunga ásamt Íslandsmóti fullorðinna á sömu dagsetningu. Erindið frá Spretti var tekið fyrir á fundi stjórnar þann 12. desember 2014. Eftir umræður stjórnarmanna var ákveðið að fá lögfræðing til að fara yfir málið svo komast megi hjá því að afgreiðsla þessa máls megi teljast lögbrot af hálfu stjórnar. Það kom skýrt fram að vilji allra stjórnarmanna var að leysa málið á sem farsælastan hátt.

## 7. Vinnuhelgi í Stykkishólmi.

Fyrirhuguð er vinnuhelgi 23. og 24. janúar í Stykkishólmi. Þar munu stjórnarmenn undirbúa og skipuleggja fyrirkomulag ásamt úrvinnslu á landsmótsþingi sem fyrirhugað er að verði haldið í vetur. Einnig ræða hugmyndir stjórnarmanna um starf og vinnuaðferðir Lands sambands hestamannafélaga almennt.

## 8. Landsmót 2016 og 2018.

Formaður kynnti lauslega stöðu landsmótanna 2016 og 2018. Kom það fram að vinna vegna landsmótanna eru í fullum gangi. Verið er að vinna kostnaðaráætlun sem ætti að liggja fyrir fljótlega. Voru stjórnarmenn á því að fylgjast vel með gangi mála þar sem tíminn er naumur og ekki má við frekari töfum.

## 9. Önnur mál.

Ákveðið var að Andrea Þorvaldsdóttir tæki sæti Eypórs J. Gíslasonar í Nif nefnd. Nif er nefnd sem kemur að skipulagi vegna Heimsmeistaramóts sem haldið verður í Danmörku í sumar.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 17:50.